



## TILLAGA

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

---

### **Efni tillögu: *Breytt fyrirkomulag á starfsemi unglingsmiðjanna Stígs og Traðar***

Lagt er til að opnunartími unglingsmiðja velferðarsviðs, Stígs og Traðar, verði stytur um tvær klst. á viku, að frágangstími starfsfólks verði stytur um fjórar klst. á viku og að frágangstími í Unglingabru velferðarsviðs verði stytur um hálfa klst. á viku. Jafnframt að í stað forstöðumanns í fullu starfi verði ráðnir inn tveir forstöðumenn/teymisstjórar í 50% starf í hvora smiðju sem ganga vaktir að jafnaði tvö kvöld í viku með starfsteyminu. Einnig er lagt til að auk 8.-10. bekkjar verði smiðjur opnar börnum í 7. bekk og að samstarf velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs verði eftt með reglubundnum samráðsfundum forstöðumanna/teymisstjóra og forstöðumönnum félagsmiðstöðva sem og að forstöðumenn/teymisstjórar Stígs og Traðar verði í samstarfi við forstöðumann Helgarsmiðjunnar, en þar dvelja fötluð börn daglangt um helgar. Kostnaður vegna tillögunnar er enginn en með henni er náð fram u.þ.b. 12,7 m.kr. hagræðingu í rekstri á ári.

### **Greinargerð:**

Á fundi borgarstjórnar þann 6. desember 2022 var fjallað um tillögur meirihluta borgarstjórnar um hagræðingu í rekstri borgarinnar. M.a. var lagt til að starfsemi unglingsmiðjanna Stígs og Traðar legðist af og markhópi úrræðanna yrði sinnt í samstarfi fagfólks félagsmiðstöðva og Keðjunnar sem hluta af verkefninu Betri borg fyrir börn.

Sviðsstjóri velferðarsviðs skipaði starfshóp með erindisbréfi, dags. 11. janúar 2023, sem falið var að leggja fram tillögur um mögulega útfærslu á samþykkt borgarstjórnar um að starfsemi unglingsmiðja yrði starfrækt með breyttu fyrirkomulagi.

Á fundi velferðarráðs þann 26. apríl 2023 voru tillögur starfshópsins kynntar og fulltrúar meirihluta velferðarráðs lögðu fram svohljóðandi bókun:

Mikilvægt skref var stigið þegar Keðjan var stofnuð, þar er fjölskyldan sett í fókus og þjónusta samræmd í öllum hverfum. Foreldrafræðsla og uppeldisráðgjöf, einstaklings- og hópastarf með börnum, stuðningsfjölskyldur og námskeið og skammtímadvalir eru meðal þess sem Keðjan stendur fyrir. Starfsemi Keðjunnar styður við innleiðingu farsældarlaganna og velferðarstefnu Reykjavíkur. Frá stofnun hefur orðið meiri sérhæfing og lögð hefur verið áhersla á nýsköpun og þróun þjónustu í samstarfi við miðstöðvar velferðarsviðs, Barnavernd Reykjavíkur og börn og fjölskyldur. Starfsemin hefur gengið vonum fram og mikilvægt að þróa áfram og styðja enn meira við börn og fjölskyldur þeirra.



Á grundvelli skýrslu starfshópsins eru nú lagðar fram eftirfarandi tillögur, sem fela í sér 12,7 m.kr. hagræðingu í rekstri smiðjanna á ári:

1. Að dregið verði úr launakostnaði um samtals 6,5 klst. á viku vegna eftirfarandi breytinga:

- Styttri tími ungmenna í smiðjum:  
 $0,5 \text{ klst./hóp} * 2 \text{ hópar/viku} * 2 \text{ smiðjur} = 2 \text{ klst. á viku.}$
- Stytting frágangstíma í smiðjum:  
 $0,5 \text{ klst./dag} * 4 \text{ dagar} * 2 \text{ smiðjur} = 4 \text{ klst. á viku.}$
- Stytting frágangstíma í Unglingabru:  $0,5 \text{ klst./dag} * 1 \text{ dagur} * 1 \text{ brú} = 0,5 \text{ klst. á viku.}$   
Hagræðing alls 9,7 m.kr.
- Í stað forstöðumanns í fullu starfi verði ráðnir inn forstöðumenn/teymisstjórar í 50% starf í hvora smiðju sem ganga vaktir að jafnaði tvö kvöld í viku með starfsteyminu \* 1 dagur = 0,5 klst.  
Hagræðing 3 m.kr.

Samtals hagræðing: 12,7 m.kr. á ári.

2. Að auki er lagt til:

- Að samstarf skóla- og frístundasviðs verði eftt með reglubundnum samráðsfundum forstöðumanna/teymisstjóra og forstöðumönnum félagsmiðstöðva. Með því mætti byggja brú milli þjónustu smiðjanna og félagsmiðstöðva, koma auga á þau ungmenni sem geta nýtt sér smiðjurnar og tengja ungmenni markvisst við starfsfólk í félagsmiðstöð í lok vetrar til að hefja yfirfærslu í félagsmiðstöð í nærumhverfi ungmennis.
- Að börn í 7. bekk geti sótt um í unglingsmiðjurnar en fram að þessu hefur eingöngu verið tekið við umsóknum frá ungmendum í 8. – 10. bekk. Það hafa borist margar fyrirspurnir og óskir um að vera með unglingsmiðjur fyrir miðstig þar sem það hefur vantað þá þjónustu fyrir þann aldurshóp. Auk þess er mikilvægt að geta beitt snemmtækri íhlutun og þannig gripið börnin fyrr inn og boðið þeim upp á viðeigandi þjónustu.
- Að forstöðumenn/teymisstjórar Stígs og Traðar verði í samstarfi við forstöðumann Helgarsmiðjunnar en þar dvelja fötluð börn daglangt um helgar. Við stofnun Keðjunnar var lögð rík áhersla á teymisvinnu sem skilar meiri árangri. Með samstarfi forstöðumanna/teymisstjóra eru væntingar um að hægt sé að samnýta hugmyndir og aðferðafræði sem og að tryggja að börnin séu í réttu úrræði.

Fylgiskjöl:

Minnisblað um breyttan rekstur unglingsmiðjanna Stígs og Traðar, dags. 6. september 2023

Skýrsla starfshóps um endurskipulagningu þjónustu við markhóp unglingsmiðja, dags. 7.mars 2023.